

Ed.

386. Nefndarálit

[14. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt mál þetta á nokkrum fundum sínum, en auk þess leitaði nefndin umsagnar um málið hjá þeim aðilum, sem málið snertir sérstaklega, og fékk til viðtals á sinn fund tvo af þeim mönnum, sem unnu að samningu frumvarpsins, þá Må Elisson fiskimálastjóra og Ágúst Flygenring framkvæmdastjóra, en hann á einnig sæti í stjórn aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, er samið af 7 manna nefnd, sem skipuð var hinn 16. júní 1965, og verður því eigi sagt annað en að undirbúningstími málsins sé orðinn alllangur. Að vísu var frumvarp samhljóða því, sem nú liggur fyrir, lagt fyrir síðasta Alþingi, en náði þá eigi að hljóta afgreiðslu. Áður en nefnd sú, er frumvarpið samdi, skilaði álit, hafði hún kynnt sér skoðanir útvegsmanna og sjómanna í einstökum landshlutum um málið og leitað álits þeirra um starfsemi sjóðsins á undanförunum árum og hverra umbóta væri þörf á löggjöf þessari að þeirra dómi.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, taldi nefndin rétt að hraða ekki störfum og afgreiðslu málsins af sinni hálfu, heldur vanda þeim mun betur allan undirbúning og fylgjast með þróun og starfsháttum sjóðsins á því tímabili, sem endurskoðun laganna stóð yfir.

Það verður að teljast mikilsvert fyrir nefnd þá, er frumvarpið samdi, að hún hafði á umræddu tímabili aðstöðu til að fylgjast með þróun og starfsháttum aflatryggingasjóðsins á tveim ólíkum aflatímabilum, þ. e. árunum 1965 og 1966, þegar um var að ræða einstök góðæri, og svo aftur á móti árin 1967 og 1968, þegar heildar aflinn nam tæplega helmingi af afla ársins 1966. Það eru fyrst og fremst slíkar sveiflur í aflamagninu, sem hafa verður í huga við samningu löggjafar um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Um afgreiðslu málsins innan nefndarinnar náðist ekki full samstaða. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, að undanskildum breytingartillögum, sem nefndin flytur sameiginlega á þskj. 385, en þar er aðeins um formsatriði að ræða, sem nauðsynlegt var að leiðrétta. Minni hluti nefndarinnar mun hins vegar skila séráliti og breytingartillögu, sem felur í sér aukið framlag úr ríkisjóði umfram það, sem frumvarpið kveður á um.

Alþingi, 20. febr. 1971.

Jón Árnason,
form., frsm.

Jón Árm. Héðinsson,
fundaskr.
Axel Jónsson.

Sveinn Guðmundsson.